

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. desember 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-20/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 28. mars 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið sem upphaflega var seld af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi greiði viðgerðarkostnað.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 3. apríl 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 18. apríl 2017. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 22. september 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Volvo V40, árgerð 2013 þann 22. febrúar 2016. Að sögn álitsbeiðanda bilaði lásakerfi bifreiðarinnar snemma árs 2017 þannig að báðar afturhurðar voru að mestu ónothæfar. Álitsbeiðandi fór með bifreiðina í viðgerð til seljanda þar sem skipt var um læsingar og barka í báðum afturhurðum. Þegar viðgerðinni var lokið, dags. 15. mars 2017, segir álitsbeiðandi að komið hafi í ljós að um þekkt vandamál væri að ræða og hann fengi 50% afslátt af viðgerðarkostnaði vegna þess. Álitsbeiðandi sætti sig ekki við það en greiddi viðgerðarkostnaðinn með fyrirvara.

Telur álitsbeiðandi að lásabúnaður bifreiða eigi ekki að slitna við notkun og að ekki sé eðlilegt að skipta þurfi honum út reglulega líkt og seljandi heldur fram. Krefst álitsbeiðandi þess að bilunin verði talin eiga undir fimm ára reglu neytendakaupalaga og seljanda verði gert að endurgreiða honum útlagðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 46.769 krónur.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda rekur hann eigendaferil bifreiðarinnar. Bifreiðin var seld ný til einstaklings þann 22. febrúar 2013. Sá aðili seldi bifreiðina til lögaðila í atvinnurekstri þann 25. júlí 2014. Álitsbeiðandi festi svo kaup á bifreiðinni af framangreindum lögaðila.

Seljandi telur að fimm ára kvörtunarfrestur hafi fallið niður þegar bifreiðin var seld til lögaðila þar sem hún hafi verið notuð til atvinnurekstrar. Þá telur seljandi að fimm ára kvörtunarfrestur hafi ekki myndast þegar lögaðilinn seldi bifreiðina aftur til neytanda, þ.e. til álitsbeiðanda.

Seljandi telur einnig að læsingar bifreiða eða einstaka hlutir þeirra falli ekki undir fimm ára kvörtunarfrest neytendakaupalaga þar sem um sé að ræða hluti sem verði fyrir margvíslegum ytri áhrifum, veðrun, óhreinindum og slitni við notkun.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Aðila greinir á um það hvort ágreiningur málsins eigi undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup og þar með hvort frestur álitsbeiðanda til að halda uppi gallakröfu sé liðinn, þar sem aðeins er mælt fyrir um fimm ára kvörtunarfrest í neytendakaupalögum. Ákvæði 35. gr. neytendakaupalaga mælir fyrir um heimild neytanda til að hafa uppi gallakröfu á hendur seljanda gegn fyrri söluaðila ef samskonar krafa verður höfð uppi af „seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila.“ Af ákvæðinu leiðir að álitsbeiðandi gæti haldið uppi kröfu gagnvart seljanda í máli þessu, en aðeins í sama mæli og fyrri söluaðili hefði átt á hendur seljanda. Þar sem fyrri söluaðili bifreiðarinnar var annars vegar neytandi, sem seldi bifreiðina til lögaðila, og svo lögaðili sem seldi álitsbeiðanda bifreiðina, ræðst niðurstaðan af því hver getur talist fyrri söluaðili í skilningi ákvæðisins.

Hefur í því sambandi verið talið nægjanlegt að samsvarandi gallakrafa verði borin fram af þeim sem seldi neytanda söluhlut, eða öðrum, sem fengið hefur hlutinn framseldan frá fyrri söluaðila. Í því felst að ef upphaflegur seljandi hefur í atvinnustarfsemi sinni selt hlut, sem var svo seldur milli tveggja aðila og til neytandans, getur neytandinn komið fram með kröfu á hendur upphaflega seljandanum ef annarhvor þeirra aðila sem keypt hafa söluhlutinn frá upphaflegri sölu geta komið fram með samsvarandi kröfu.

Kærunefndin álitur að álitsbeiðanda sé samkvæmt framangreindu unnt að byggja á kröfu þeirri sem upphaflegur kaupandi bifreiðarinnar hafði gagnvart seljanda, en sá aðili var neytandi í skilningi neytendakaupalaga. Um ágreining aðila gilda því ákvæði neytendakaupalaga nr. 48/2003 (hér eftir nkpl.).

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 22. febrúar 2016. Um ári síðar bilaði lásakerfi bifreiðarinnar þannig að afturhurðar urðu að mestu ónothæfar þar til álitsbeiðandi fór með bifreiðina til seljanda sem gerði við læsingarnar. Álitsbeiðandi byggir á því að um galla sé að ræða og krefst endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem honum var gert að greiða vegna viðgerðarinnar, 46.769 krónur, sem var helmingur viðgerðarkostnaðar. Telur álitsbeiðandi að seljanda beri að greiða viðgerðarkostnað að fullu þar sem gallinn eigi undir fimm ára tilkynningarfrest samkvæmt 2. mgr. 27. gr. nkpl. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Telja verður að læsingum bifreiða sé almennt ætlaður lengri endingartími en gildir um söluhluti almennt og því geti fimm ára tilkynningarfrestur samkvæmt 2. mgr. 27. gr. nkpl. átt við um þær. Sú skylda hvílir þó á álitsbeiðanda að sýna fram á að bifreiðin hafi verið haldin galla við upphaflega sölu hennar þann 22. febrúar 2013 samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nkpl. Þrátt fyrir að læsingar bifreiða eigi almennt að endast í lengri tíma en tvö ár þá getur endingin farið verulega eftir notkun og viðhaldi bifreiðar hverju sinni. Álitsbeiðandi hefur ekki sýnt fram á það í máli þessu að bifreiðin hafi í raun verið haldin galla við sölu hennar þann 22. febrúar árið 2013 sem hafi orðið til þess að læsingar bifreiðarinnar biluðu rúmlega fjórum árum síðar.

Þar sem sönnunarbyrði í þessum efnum hvílir á álitsbeiðanda getur nefndin ekki fallist á kröfu hans í máli þessu, enda liggur ekki fyrir að bifreiðin hafi verið haldin galla frá upphafi.

VI
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson